




FLÓTTALEIKIR SEM LEIÐ TIL AÐ ÞRÓA MARGVÍSLEGA FÆRNI - XCAPE

NEWLETTER 3

INNIVALD

HVAÐ VIÐ HÖFUM VERIÐ AÐ GERA



NÆSTU SKREF



HVAÐ VIÐ HÖFUM VERIÐ AÐ GERA



Nú er lokið við gerð Stafrænu fóttaleikina sem er verkþáttur (IO1) og er enska útgáfan aðgengileg í netgáttinni okkar sem er verkþáttur (IO3)!

Allir 32 stafrænu leikirnir fjallar um málefni sem varða skapandi og gagnrýnina hugsun í starfi frumkvöðla. Fyrir þá stafrænu flóttaleiki sem fjalla um skapandi og gagnrýna hugsun geturðu fundið 16 leiki eins og „Að hugsa á fótunum“; „Færni“ „Lucky L. og hin falda eyja kanarífuglanna“ og „Fastur í falsfréttum“. Varðandi frumkvöðlaanda geturðu fundið 16 áhugaverða leiki eins og „Frumkvöðlakeppni“; „Hugarfar forstjórans“; „Hindrunarhlaup“ eða „Eldfjallið“. Það er mikilvægt að hafa í huga að öllum áskorunum er skipt í byrjunarstig, millistig-, framhalds- og sérfræðistig þar sem leikirnir þyngjast með hverju skrefi.

Næstu skref hjá okkur er að þýða alla leikina á tungumálum samstarfslandanna svo hægt sé að spila leikina í þeim löndum sem eiga aðild að verkefninu.




Enska útgáfan af leikjaáætluninni í verkþætti (IO2) er nú tilbúin! Kennarar og þjálfarar fá seinna kennslu í að nýta möguleika XCAPE stafrænu flóttaleikjanna til að hjálpa ungu fólki til að þróa margvíslega færni sem leiðir til skapandi- og gagnrýnninnar hugsunar og frumkvöðla-eiginleika sem eru mikils metnir á vinnumarkaðinum.

Hægt er að finna atriði sem tengjast hugmyndinni um stafræna flóttaleiki; um þróun XCAPE stafrænna flóttaleikja; fræðilegar aðferðir til að vinna í öflugum námsumhverfi á netinu; aðferðir fyrir kennslu og nám með XCAPE stafrænu flóttaleikjunum; um þróun og mat á stafrænum flóttaleikjum, en einnig dýrmæta þekkingu fyrir kennara og þjálfara sem vilja auka þekkingu sína á notkun stafrænna flóttaleikja í starfi sínu.

Eftir lok á verkþættinum IO1 er næsta skref að ljúka þýðingum á verkþættinum IO2 á tungumálum samstarfsaðila svo hægt sé að innleiða þjálfun í þeim í öllum samstarfslöndunum.

Síðast en ekki síst, er verið að uppfæra þjálfun á netinu sem er verkþáttur (IO3). Þessi verkþáttur er í fullu samræmi við þróun hinna verkþáttanna IO1 og IO2. Samstarfsaðilar okkar sem bera ábyrgð á hönnun netgáttarinnar um verkefnið, hafa unnið öflugt starf að því að endurskoða þróun stafrænu flóttaleikjanna, í verkþætti (IO1) í samvinnu við aðra þátttakendur. Þetta leiðir til að hentugt er ákveða bestu leiðina við að nýta stafrænu flóttaleikina á skapandi og skemmtilegan hátt. Og nýta þannig best menntunarþátt starfsins. Næsti áfangi verður að þýða verkþætti IO1 og IO2 yfir á hvert tungumál samstarfsaðila í verkefninu.



FYLGSTU MEÐ OKKUR Á
XCAPE VEFSÍÐUNNI
OKKAR!



FYLGDU OKKUR Á
FACEBOOK!

